



Fornleifaskráning vegna lagningar há- og lágspennustrengja í Helgustaðahreppi, Fjarðabyggð

Rannveig Þórhallsdóttir
2020

Forsíðumynd: Horft í átt að fiskikvíum í Eskifirði á sumardeg. RP.



Sagnabrunnur


© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Rarik ehf.
September 2020

Efnisyfirlit


ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	7
LEIÐ HÁ- OG LÁGSPENNUSTRENGJA	7
SKRÁNINGIN	7
<i>Litla-Breiðuvík.....</i>	<i>8</i>
<i>Stóra-Breiðuvík.....</i>	<i>8</i>
<i>Stóra-Breiðuvíkurléiga.....</i>	<i>9</i>
<i>Útstækkur.....</i>	<i>10</i>
<i>Helgustaðir.....</i>	<i>11</i>
<i>Sigmundarhús.....</i>	<i>12</i>
<i>Hvammur</i>	<i>12</i>
<i>Sellátrar.....</i>	<i>12</i>
<i>Högnastaðir.....</i>	<i>13</i>
NIÐURSTAÐA.....	14
HEIMILDIR	15

Abstract


Archaeological registration was done for Rarik ehf. by Sagnabrunnur in September 2020 in the area of Helgustaðahreppur, Fjarðabyggð in the plowing route of an electrical cable. The registration is nr. 2171. Thirteen archaeological remains were found within the 15 m distance of the plowing route. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.



Mynd 1. Tillögur að lagnaleið frá Rarik merktar inn með gulri og appelsínugulri strikalinu.



Mynd 2. Tillögur að upprunanlegri lagnaleið merktar inn með gulri og appelsínugulri strikalínu. Uppmældar minjar merktar inn með bláu. Rarik.



Mynd 3. Endanleg lagnaleið frá Litlu-Breiðuvík til Stóru-Breiðuvíkur merkt inn með gulri og appelsínugulri strikalínu. Rarik.



Inngangur

Að beiðni Rarik ehf. kannaði Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. fornleifar á fyrirhugaðri leið há- og lágspennustrengja í Helgustaðahreppi á um 9 km leið. Haraldur Klausen og Guðmundur Hólm Guðmundsson voru fulltrúar verkkaupa f.h. Rarik.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar sem eru eldri en 100 ára friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna, skv. lögum 80/2012, heimildir og skráningarsvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.

Leið há- og lágspennustrengja

Lagnaleiðin liggur yfir land bæjanna Litlu-Breiðuvíkur, Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu, Stóru-Breiðuvíkur, Útstekks, Helgustaða, Sigmundarhúss, Hvamms, Sellátrum og Högnastaða.

Upprunanleg lagnaleið (þar sem lagnaleið hefur verið breytt) er sýnd á myndum 1 og 2. Á myndum 3-5 má sjá endanlega lagnaleið. Ýmsar heimildir, svo sem Eskja 1-4, örnefnaskrár og Sveitir og jarðir í Múlapingi, örnefnakort, túnakort og minjavefsjá Minjastofnunar voru skoðaðar við gerð fornleifaskráningarinnar. Áður höfðu verið unnar fornleifaskráningarnar sem tengjast svæðinu:

- Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir (2004). *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð, Svæðisskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í landi Högnastaða í Reyðarfirði*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur. 2017/187.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. (2019). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Unnið fyrir Mílu. Náttúrustofa Vestfjarða. Fornleifadeild.

Skráningin

Allt svæðið var kannað á vettvangi í góðu veðri þann 11. júlí 2020 af Rannveigu Þórhallsdóttur fornleifafræðingi og Ólafi Erni Péturssyni landfræðingi. Fornleifar voru skráðar inn með Trimble Nomad 5 og hlaut fornleifaskráningin minjanr. 2171 hjá Minjastofnun Íslands. Kannað var svæði 15 m hvoru megin við hina fyrirhuguðu leið há- og lágspennustrengs. Unnið var með Rarik að því að færa strengleiðina til (utan 15 m marka) þegar fornleifar sástu. Í nokkrum tilfellum reyndist það ekki mögulegt og höfðu þær fornleifar þegar verið skráðar í eldri fornleifaskráningum. Þær fornleifar sem lenda innan 15 m markanna eru taldar hér upp í fornleifaskráningunni.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er sjá í töflu 1 á bls. 13. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu, en heimildir fundust um þrettán friðaðar fornleifar.

Helgustaðahreppur tilheyrði Reyðarfirði til forna, en varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1906. Helgustaðahreppur var áður fyrr fjölmennur hreppur, þar var verslunarstaður á miðöldum og hvalveiðistöð í byrjun 20. aldar. Silfurberg úr Helgustaðanámu hafði áhrif á heimssöguna á 17. öld þegar náttúrufræðingurinn Erasmus Bartholin uppgötvaði að tvöfalt ljósbrot sást horft var í gegnum silfurberg, sem leiddi síðan til kenninga Hnygenes um bylgjuhreyfingar ljóssins.¹

Litla-Breiðuvík

Litla-Breiðuvík var Skriðuklausturseign árið 1504 og baðstofa var á bænum fram yfir 1910. Timburhús var byggð í tóft á bæjarstæðinu árið 1904. Við sjávarbakkann eru góðar lendingar og um tíma var mikill útróður þaðan og sjóhús. Upp úr aldamótunum 1900 voru þar lifrarbræðsla og íshús. Á túnakorti má sjá kirkjugarð, hann er utan línulagnarinnar.²
Engar fornleifar voru sjáanlegar á yfirborði á plægingarleiðinni.



Mynd 6. Fornleifar 2043-22 (rétt) skv. eldri skráningu.

Stóra-Breiðuvík

Land býlanna í Stóru-Breiðuvík nær frá Ytri-Teigará og inn að Hrafnhá. Stóra-Breiðuvík er fyrir miðju en umhverfis hana er Breiðuvíkurbjálleiga (Stóra-Breiðuvíkurbjálleiga) og Stekkur (Breiðuvíkurstekkur, Útstekkur). Á tíma einokunarverslunar Dana (1602-1787) var Stóra-Breiðuvík verslunarstaður fyrir miðhluta Austurlands og var allt til aldamótanna 1900. Þar þótti einnig góð sláturhöfn. Verslunarstöðvarnar voru í landi Breiðuvíkurstekks, niður af bænum í Stóru-Breiðuvík. Í opinberum skjölum gekk kaupstaðurinn undir nafninu Reyðarfjörður eða Röðefjörður. Árið 1782 var tekið upp bænhús í

Stóru-Breiðuvík, en það síðan lagt niður aftur. Í um 2 m fjarlægð frá línulögninni er rétt sem skráð er nr. 2043-22 í fyrri fornleifaskráningu. Réttin er um 23 m á lengd og 14 m á breidd. Hún er grasi gróin og með um 50 cm háar hleðslur.³

Minjar 2043-22, rétt, eru í um 2 m fjarlægð frá línulögninni. Lagt er til að réttin verði merkt á vettvangi.

¹ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 76-116.


² Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 95-97; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur, (ekkt blaðsíðutal).

³ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 79-80, 98-103; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 21-22; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur, (ekkt blaðsíðutal).


Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga

Stóra-Breiðuvíkurhjáleiga var eins og nafnið bendir til hjáleiga frá Stóru-Breiðuvík. Hún var komin í byggð fyrir 1703. Í Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu voru tvær hjáleigur, önnur hét Garðar (milli Teigarár og heimabæjar) og hin Hjáleigueyri (við sjó niður af túni). Hjáleigueyri varð til um 1880 þegar Norðmenn fengu að reisa síldarhús á sjávarreyrinni við Kerlingará. Heimildir eru um gömul bátanaust og fiskbyrgi við sjávarbakkann, utan lagnaleiðarinnar.⁴

Engar fornleifar voru sjáanlegar á yfirborði á plægingarleiðinni.



Mynd 7. Fornminjar sem skráðar voru í fyrri fornleifaskráningum hjá Útstekk.



Mynd 8. Fornminjar að Útstekk mældar upp árið 2020. Sjá skrá yfir fornminjar 2171-1 til 2171-9, sjá töflu yfir fornminjar.

⁴ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 98-101; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 22-23; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur, (ekkert blaðsíðutal).

Útstekkur

Jarðarinnar er fyrst getið í manntölum frá 1703, 1816 og Jarðatali Johnsen 1847. Jörðin er upphaflega hjáleiga frá Stóru-Breiðuvík sem eins og áður var um getið var verslunarstaður á sextándu til átjándu öld. Á jörðinni Útstekk voru verslunarstöðvar í útstekk í hvammi niðri við sjóinn. Jörðin er skráð í *Sveitum og jörðum* sem Breiðuvíkurstekkur⁵ en hún var einnig nefnd Stekkur, nú Útstekkur. Sjór hefur breytt mjög landinu framundan núverandi bæjarstæði Útstekkjara. Eldri bæjarhús stóðu í brekkunni ofan og norðaustan við núverandi bæjarstæði. Tóft 1373-161, niðurgroftur (skv. skráningu Guðnýjar Zoëga 2002) er á Stekkmel. Talið er líklegt að þarna sé um að ræða leiði fransks lautinants sem varð fyrir voðaskoti árið 1864 þegar foringjar af herskipi gengu á land til lóuveiða.⁶ Sú tóft er um 20 m frá línulögninni og því utan 15 m marka og telst ekki í hættu.

Eftirfarandi tóftir hafa verið mældar upp á lagnaleiðinni sem teljast í hættu vegna framkvæmda:

2043-20, fjárhús á Bördum. Skv. eldri fornleifaskráningu voru þau byggð úr torfi og grjóti, sneru NNV-SSA, þil til suðurs út að firði og stóð hleðsla vel, stærð: 10x4 m og 1,5 m að hæð. Húsin voru í notkun fram á áttunda áratug 20 aldar.

2043-21. Hesthús, eru austan til í Hesthústúni sem liggur í lægð milli tveggja mela austan gamla bæjarstæðisins. Rústin er 5x4 m að utanmáli, dyr til suðurs, snýr norður-suður.

2171-1 (1373-157). Stekkur. Grófin tóft sem snýr NNV-SSA, 11x6 m, mest hleðsluhæð 30 cm, breidd 2 m, hvergi sést í grjót, hugsanlega tóft frá verslunartímanum. Tóftin sást illa við vettvangsskoðun árið 2020 þar sem garðurinn er mjög gróinn.

2172-2 (1373-137). Gömul þjóðbraut. Samkvæmt Sjöfn Gunnarsdóttur, f. 1946 og Heiðberg Hjelm, f. ábúendum að Útstekk, lá gamla þjóðbrautin til Vöðlavíkur og Viðfjarðar um bæjarstæðið í Útstekk. Enn eru greinileg merki um þennan veg í austurbrekku melsins ofan og vestan íbúðarhúss og skrudgarðs.

2171-3 (1373-168). Ferköntuð útflótt tóft, um 4x5 m að innanmáli, veggir nokkuð greinilegir en grjót hvergi að sjá í hleðslu. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni, hugsanlega tóft frá verslunartímanum.

2171-4 (1373-169). Hlaðinn túngarður á um 25 m kafla í skrudgarði norðan húss, grjót sést ekki í hleðslu, um 50 cm til 1 m á þykkt.

2171-5 (1373-170). Plássíð. Flötin framan (sunnan) við núverandi íbúðarhús var kölluð Plássíð eftir verslunarstaðnum sem stóð á einokunartímanum. Engar minjar eru nú greinilegar á Plássinu sjálfu en merki eru um mannvirki fremst við fjöruborðið og einnig við núverandi íbúðarhús.

2171-6 (1373-158). Brekkenshús. Þarna stóðu leifar af sjóhúsi norsks manns, Brekken, byggt 1880-1890. Húsið var tekið niður og varðveitt í samráði við Húsafriðunarnefnd að sögn ábúenda.

2171-7 (1373-162). Matjurtagarður, horfinn. Mældur upp út frá lýsingu Sjafnar Gunnarsdóttur á vettvangi.

2171-8 (1373-157). Heimild um kirkju í túninu að Útstekk. Aðeins stendur eftir kirkjuhellan í túni. Að sögn ábúenda var hellan færð til við túnasléttun. Í ornefnaskrá Útstekks kemur fram að utan við Hesthús er Kirkjumelur, þar fyrir utan var Kirkjan, smátún. Þar liggur steinn sem átti að vera kirkjuhellan. Á sama stað á einnig að vera gömul gröf barns.

⁵ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 103-105.

⁶ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 79-80, 98-105; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 19-21, Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur (ekki blaðsíðutal).

2171-9 (1373-155). Reiðleið. Samkvæmt örnefnaskrá lágu gamlar reiðgötur að bænum austan til í mel austan núverandi heimreiðar.⁷

Að auki má geta þess að gömul verslunarhús að Útstekk (ekki á lagnaleið) stóðu að sögn ábúenda í fjöruborðinu, en skuluðust að miklu leyti út í sjó fyrir 3-4 árum þegar mikill sjógangur gekk yfir fjöruna. Viða má sjá gulleita múrsteina í fjörunni, en húsin voru mæld upp af þáverandi minjaverði Austurlands áður en óveðrið gekk yfir. Að sögn ábúenda heur landið hopað sl. 20 árin meira en 1 m fyrir sjógangi.

Að Útstekk standa merkilegar minjar tengdar verslunarsögu einokunarverslunarinnar sem mikilvægt er að vernda. Lagt er til að merkja fornleifarnar á veggvangi sem eru innan 15 m marka við línuna, þ.e. 2043-20, 2043-21, 2171-1, 2171-2, 2171-3, 2171-4, 2171-5, 2171-6, 2171-7, 2171-8 og 2171-9 á vettvangi og hafa framkvæmdaefirlit með minjum 2171-1, 2171-3, 2171-5 og 2171-8 á vettvangi.

Helgustaðir

Helgustaða (þá Helgistaða) er getið í bréfið frá 1497 og í manntali 1703. Jörðin er kunnust fyrir Helgustaðanámu þar sem finna má silfurberg. Náman var friðlýst árið 1976.

Í landi Helgustaða er Helgahóll, sem samkvæmt örnefnaskrá er talin kennd við Helga sem byggði Helgustaði. Hóllinn er um 7-8 mínútna gang fyrir ofan bæ. Í hólnum á Helgi að vera grafinn í skipi sínu (lítill skipslögur).

Fornleifar 2043-17 (hjallur), 2043-18 (þúst) skv. eldri fornleifaskráningu eru utan 15 m marka og því ekki í hættu.⁸ Línulögnin lendir hins vegar utan í fornleifar nr. 2043-19 sem er túngarður skv. eldri fornleifaskráningu. Túngarðurinn er 214 m langur, 50 cm á breidd og hæð hans er 50 cm. Hann tengist rétt með þremur hólfum og heldur svo áfram. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti en ekki gróinn. Búið er að brjóta af túngarðinum líklega við gerð vegar.

Línulögn fer utan í fornleifar 2043-19 (túngarð) skv. eldri fornleifaskráningu. Þar sem garðurinn hefur verið rofinn við vegagerð er talin nægjanleg mótvægisáðgerð að merkja minjar á vettvangi.



Mynd 9. Fornminjar sem skráðu voru í eldri fornleifaskráningum hjá Helgustöðum.

⁷ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 79-80, 98-105; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 19-21; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Bygðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur (ekki blaðsíðutal); Örnefnaskrá Útstekks.

⁸ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 105-107; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 16-19; Íslenskt fornbréfasafn VII, Reykjavík 1903-1907, bls. 369; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Bygðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur (ekki blaðsíðutal).

Sigmundarhús

Jörðin Sigmundarhús var hjáleiga frá Helgustöðum, fyrst getið í manntölum árin 1703 og 1816, ekkert er vitað um Sigmund sem húsin eru kennd við. Torfbær stóð til 1909, þá var byggt timburhús. Útræði var frá Goðavík. Fornleifar 2043-13 (rústabunga), 2043-14 (hrútakofi), 2043-15 (matjurtagarður), 2043-16 (hleðsla) eru utan 15 m marka og því ekki í hættu.⁹

Fornleifar 2043-13, 2043-14, 2043-15 og 2043-16 skv. eldri fornleifaskráningu voru utan 15 m marka og því ekki í hættu.



Mynd 10. Fornminjar sem skráðar voru í eldri fornleifaskráningu hjá Sigmundarhúsi.

Hvammur

Hvammur er grasbýli frá Sellátrum. Eins og kemur fram í textanum um Sellátra hér fyrir neðan var steinhús reist að Hvammi árið 1930. Munnmæli eru um fjárrétt eða Stekk ofan við Hvammlæk og vatnsmyllu á Hraunum upp af Hvammi. Túngarður (2043-012 skv. eldri skráningu) er á sæbröttu bakkahorni upp af Klifi, í um 17 m fjarlægð frá lagnaleiðinni.¹⁰

Túngarður sem skráður var 2043-012 skv. eldri skráningu er sunnan við veg, í um 17 m



Mynd 11. Fornminjar sem skráðar voru í eldri fornleifaskráningu hjá Hvammi.



Mynd 12. Minjar hjá Sellátrum.

fjarlægð frá lagnaleið. Túngarðurinn er utan marka og telst því ekki í hættu.

Sellátrar

Jörðin var Skriðuklausturseign frá 1500 og fram um 1847. Um aldamótin 1900 stóð timburhús að bænum og fjósbaðstofa að baki þar sem hlaðan stóð. Samkvæmt túnakorti voru líklega 3-4 bæjarhús að Sellátrum. Tvö grasbýli voru frá bænum. Framan og neðan við klappabálkinn Hraun, um 300-400 m út af bæ stóð um 1900 Kofi (lítil baðstofa). Hitt býlið var Hvammur, þar var reist steinhús um 1930. Á mynd 11 má sjá fornminjar 009 skv. eldri fornleifaskráningu,

⁹ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 108-109; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 13-15; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur (ekki blaðsíðutal).

¹⁰ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 111; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 13.

þær minjar eru utan 15 m marka. Íshús var reist um 1908 skammt upp af Naustum, þar var geymd beita, aðallega síld.¹¹

Engar fornleifar voru sjáanlegar á yfirborði á plægingarleiðinni.

Högnastaðir

Ekki er vitað fyrir vissu hvenær Högnastaðir byggðust fyrst. Samkvæmt Jarðatali Johnsen frá 1847 var bærinn í upphafi hjáleiga frá Sellátrum. Tvö afbýli voru frá jörðinni; Högnastaðastekkur og Gvendarkirkja.¹²

Við vettvangsskráningu fannst steinhlaðinn garður (blámerktur á mynd 2). Lagnaleiðin var færð til og lenda þær minjar því utan 15 m markanna. *Engar fornminjar voru sjáanlegar á yfirborði á endanlegri plægingarleið.*

Nr.	Teg.	F j .	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagild i	Varðveisl ugildi	Friðl ýst?	Mótvægisáðger ðir	Ísnet hnit
2043-22	Stóra- Breiðuvík. Rétt	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1900-1950	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743253, N: 512580
2043-20	Útstekkur. Fjárhús	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1700-1950	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743190, N: 512609
2043-21	Útstekkur. Hesthús	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1900-1950	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743253, N: 512580
2171-1 (1373- 157)	Útstekkur. Stekkur	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1700-1900	Talsverð (5)	Talsverð (5)	Nei	Merkja og hafa eftirlit á vettvangi.	A: 743127, N: 512450
2171-2 (1373-37)	Útstekkur. Gamla þjóðbrauti n	1	Framkv.	Mikil	Greinanlegu r	1700-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743111, N: 512470
2171-3 (1373- 168)	Útstekkur. Tóft	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1700-1900	Talsverð (5)	Talsverð (5)	Nei	Merkja og hafa eftirlit á vettvangi.	A: 743138, N: 512449
2171-4 (1373- 169)	Útstekkur. Garður	1	Framkv.	Talsverð	Greinanlegu r	1700-1920	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743135, N: 512439
2171-5 (1373- 170)	Útstekkur. Plássíð	1	Framkv.	Talsverð	Ekki greinanlegur	1700-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Merkja og hafa eftirlit með á vettvangi.	A: 743140, N: 512425
2171-6 (1373- 158)	Útstekkur. Brekkenh ús	1	Framkv.	Lítill	Húsið var tekið niður og það varðveitt.	1880-1920	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743139, N: 512423
2171-7 (1373- 162)	Útstekkur. Matjurtag arður	1	Framkv.	Lítill	Ekki greinanlegur	1700-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743312, N: 512496
2171-8 (1373- 163)	Útstekkur. Kirkja	1	Framkv.	Mikil	Ekki greinanlegur	1700-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Merkja og hafa eftirlit með á vettvangi.	A: 743356, N: 512473
2171-9 (1373- 155)	Útstekkur. Reiðgata	1	Framkv.	Talsverð	Greinanleg	1700-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 743057 N: 512553
2043-19	Helgustað ir. Túngarður	1	Framkv.	Mikil	Greinanleg	1700-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Merkja vettvangi. á	A: 741227, N: 513749

¹¹ Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 109-112; Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, Bryndís Zoëga, 2004. *Fornleifaskráning vegna aðals- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur (ekki blaðsíðutal).

¹² Ármann Halldórsson, 1976. *Sveitir og jarðir í Múlasýslu*, III. bindi, bls. 112; Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, 2017. *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í landi Högnastaða í Reyðarfirði*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur, bls. 5.

Niðurstaða

Engar fornleifar töldust í hæsta minja- og varðveisluflokki. Þegar höfðu verið skráðar þrettán friðaðar fornminjar, níu af þeim höfðu lítið minjagildi (3) og fjórar talsvert minjagildi (5). Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er að nægjanlegar mótvægisaðgerðir séu að merkja níu skráðar minjar á vettvangi og að merkja og hafa framkvæmdaefirlit með fjórum fornminjum við lögn línu að Útstekk. Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breytttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1976). *Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir (2004). *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð, Svæðisskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í landi Högnastaða í Reyðarfirði*. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur. 2017/187.

Íslenskt fornbréfasafn, VII. (1903-1907). Hið íslenska bókmenntafélag. Rkv.

Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. (2019). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Fjarðabyggð*. Unnið fyrir Mílu. Náttúrustofa Vestfjarða. Fornleifadeild.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Túnakort Litlu-Breiðuvíkur, Helgustaða, Högnastaðastekks, Högnastaða, Sellátra, Sigmundarhús, Stóru-Breiðuvíkur og Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu. (1920). Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Þorsteinn Stefánsson. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrár Litlu-Breiðuvíkur, Helgustaða, Högnastaðastekks, Högnastaða, Útstekks, Sellátra, Sigmundarhúss, Stóru-Breiðuvíkur og Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu.